

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 8. apríl 2015 kl. 12:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaýnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómtúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sværrisdóttir formaður, Ásgerður Gyöfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðný Sværrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ

Lögð var fram til umfjöllunar fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 27. mars 2015. Fram komu athugasemdir við fundargerðina sem verða leiðréttar. Fundargerðin verður lögð fram að nýju á næsta fundi nefndarinnar. Óskuðu nefndarmenn eftir því að fyrir næsta fund nefndarinnar lægi fyrir álit ráðuneytisins á því hvenær nefndarmenn væru vanhæfir að taka þátt í störfum nefndarinnar.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2015

Lögð var fram til kynningar greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2015. Áætlunin hafði verið endurskoðuð í janúar sl. á grundvelli fjárlaga og spár um tekjur Jöfnunarsjóðs af sérstökum bankaskatti á árinu. Í tekjuhlíð áætlunarinnar kemur fram að ríkisframlagið vegna 2,12% hlutdeildar sjóðsins af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs nemi samtals 11.994 m.kr. en þar af nema áætlaðar tekjur sjóðsins af sérstökum bankaskatti 735 m.kr. Að viðbættu framlagi að fjárhæð 2.859 m.kr., sem er 0,264% hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars næstliðins árs og viðbótarframlögum vegna húsaleigubóta nema áætluð framlög frá ríki í sjóðinn á árinu 2015 samtals 17.921 m.kr. Að teknu tilliti til hlutdeildar sjóðsins í útsvarstekjum sveitarfélaga vegna yfirfærslu á rekstri grunnskólans að fjárhæð 8.740 m.kr., hlutdeildar sjóðsins í útsvarstekjum sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks að fjárhæð 11.706 m.kr., framlagi að fjárhæð 520 m.kr. vegna eflingar tónlistarfræðslu auk vaxtatekna nema áætlaðar heildartekjur sjóðsins á árinu 2015 samtals 39.003 m.kr. Í gjaldahlíð áætlunarinnar kemur fram að bundin framlög nemi 1.673 m.kr., sérstök framlög 8.268 m.kr., jöfnunarframlög 7.300 m.kr., framlög vegna yfirfærslu grunnskólans 8.591 m.kr., framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks 11.706 m.kr., framlög til eflingar tónlistarnámi 520 m.kr., sérstakt framlag vegna skerðingar á útsvarstekjum sveitarfélaga 735 m.kr. og áætlaður rekstrarkostnaður 95 m.kr. Áætluð heildargjöld sjóðsins á árinu 2015 nema 39.003 m.kr. þar af er óráðstafað 114 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að greiðslu- og rekstraráætlun ársins 2015 væru samþykkt.

FRAMLÖG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Áætluð úthlutun 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um úthlutun framlaga vegna sameiningar sveitarfélaga á árinu 2015 á grundvelli reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Fram kemur að einungis sé um að ræða framlög vegna tveggja sameininga:

- Til Húnaþings vestra er um að ræða greiðslu framlags vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu sem nemur 10% af heildarframlagi að fjárhæð 36,0 m.kr. eða samtals 3,6 m.kr.
- Til Garðabæjar er um að ræða 1/3 hluta af sérstöku viðbótarframlagi vegna skuldajöfnunar að fjárhæð 150,0 m.kr. eða 50,0 m.kr. Áætlun um greiðslu sérstaks framlags vegna skerðingar á jöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar nemur 98,7 m.kr. Framlag til endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu nemur 15,0 m.kr. af heildarframlagi að fjárhæð 46,0 m.kr. Samtals nema áætluð framlög til Garðabæjar vegna sameiningar sveitarfélaga 163,6 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að áætlun um úthlutun framlaga vegna sameiningar sveitarfélaga, samtals að fjárhæð 167,3 m.kr. á árinu 2015, væri samþykkt. Til viðbótar er í greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins gert ráð fyrir framlagi til sveitarfélaga vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar einstakra sveitarfélaga.

FRAMLÖG VEGNA ALMENNRA HÚSALEIGUBÓTA

Tillaga að hækkuðu greiðsluhlutfalli

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlanir sveitarfélaga um greiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2015 samtals að fjárhæð 4.982,3 m.kr.

Á fundi ráðgjafarnefndar 24. október sl. samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu um að áætlað greiðsluhlutfall sjóðsins vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2015 næmi 63,2% að teknu tilliti til áætlunar um ráðstöfunarfjármagn sjóðsins á árinu 2015 að fjárhæð 3.157,7 m.kr.

Í ljósi áætlunar um aukið ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaga vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2015, samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að áætlað greiðsluhlutfall sjóðsins væri hækkað úr 63,2% í 66%. Áætlaðar greiðslur Jöfnunarsjóðs á framlögum vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2015 hækka því um 130,6 m.kr. og nema samtals um 3.288,3 m.kr. í stað 3.157,7 m.kr.

FRAMLÖG VEGNA SÉRSTAKRA HÚSALEIGUBÓTA

Áætluð úthlutun 2015

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlanir sveitarfélaga um greiðslur sérstakra húsaleigubóta á árinu 2015 samtals að fjárhæð 1.438,5 m.kr.

Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs vegna greiðslu sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum nemur 60,0%, eins og kveðið er á um í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 sem ríkið hefur viðhaldið með fjárframlögum í Jöfnunarsjóð á grundvelli fjárlaga. Áætluð þátttaka ríkissjóðs miðað við 60,0% greiðsluhlutfall nemur því 863,1 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að áætluð framlög Jöfnunarsjóðs vegna greiðslu sveitarfélaga á sérstökum húsaleigubótum á árinu 2015 næmu 863,1 m.kr.

FRAMLÖG TIL LANDSHLUTASAMTAKA VEGNA SAMSTARFSVERKEFNA

Sóknaráætlun landshluta – úthlutunarreglur

Á grundvelli samþykkrar tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 27. október 2011 hafa verið til ráðstöfunar hjá sjóðnum 25,0 m.kr. á árunum 2012, 2013 og 2014 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtaka sveitarfélaga hvað þátttöku þeirra í verkefninu *Sóknaráætlun landshluta* varðar, sbr. heimild í 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Lagt var fram til kynningar á fundinum erindi innanríkisráðuneytisins, dags. 4. september 2014 sem tekið hafði verið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar sjóðsins 8. september 2014.

Í erindi ráðuneytisins kom fram að nýtt stýrinet hafi verið skipað varðandi verkefnið *Sóknaráætlun landshluta* og að verkefnið sé nú á forræði byggðamálaráðherra en landshlutasamtökin verði áfram burðarásinn í samskiptum við stýrihóp stjórnarráðsins um áframhaldandi þróun og framkvæmd verkefnisins. Gert var ráð fyrir að nýir samningar sem byggja á sóknaráætlunarverkefninu, vaxtasamningum og menningarsamningum verði gerðir við landshlutasamtökin og undirritaðir í maí 2015. Með tilvísun til þessa óskaði innanríkisráðuneytið eftir því við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að landshlutasamtökunum yrði áfram veittur sambærilegur stuðningur vegna verkefnisins eins og verið hefði á árunum 2012-2014.

Í umfjöllun ráðgjafarnefndar á fundinum 8. september 2014 kom fram vilji nefndarinnar til áframhaldandi stuðnings við verkefnið og samþykkti nefndin að leggja til að á árinu 2015 yrði 25 m.kr. til ráðstöfunar hjá sjóðnum í verkefnið *Sóknaráætlun landshluta*. Hvað aðkomu sjóðsins að verkefninu næstu ár þar á eftir varðar taldi nefndin eðlilegt að vísa þeirri umfjöllun og tillögugerð til nýrrar ráðgjafarnefndar.

Jafnframt voru lagðar fram á fundinum til kynningar úthlutunarreglur sem gilt hafa um framlög til landshlutasamtaka vegna samstarfsverkefna er snerta sóknaráætlanir landshluta og hafa verið í gildi á undanförunum árum.

Að umfjöllun lokinni lýsti nýskipuð ráðgjafarnefnd sjóðsins sig samþykka tillögu fráfarandi ráðgjafarnefndar frá 8. september 2014 um úthlutun framlags að fjárhæð 25 m.kr. hvað árið 2015 varðar. Hvað árin 2016 og 2017 varðar þá verður beiðni ráðuneytisins tekin á ný til umfjöllunar verði eftir því leitað.

ÍPYNGJANDI KOSTNAÐUR VEGNA SNJÓMOKSTURS Í ÞÉTTBÝLI

Bolungarvíkurkaupstaður

Lagt var fram til kynningar erindi Bolungarvíkurkaupstaðar frá 1. apríl 2015, þar sem óskað er eftir sérstöku framlagi vegna ípyngjandi kostnaðar við snjómokstur í þéttbýli sveitarfélagsins á árinu 2014. Vísað er þar að lútandi til ákvæða í b-lið, 1. mgr. 11. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er fjallar um framlög til sérstakra verkefna.

Fram kom að á árinu 2013 hafi komið til úthlutunar og greiðslu sérstakt framlag vegna verulega ípyngjandi kostnaðar við snjómokstur milli árana 2011 og 2012. Úthlutað var framlagi samtals að fjárhæð 19,0 m.kr. til 6 sveitarfélaga á snjóþyngstu svæðum landsins á grundvelli sérstakra viðmiðunarreglna.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu erindis Bolungarvíkurkaupstaðar væri frestað og það tekið til frekari skoðunar með tilliti til fyrri viðmiðunarreglna sjóðsins. Nefndin lagði jafnframt til að kannað væri hvort um verulega ípyngjandi kostnað við snjómokstur í þéttbýli á árinu 2014 gæti verið að ræða hjá fleiri sveitarfélögum á snjóþyngstu svæðum landsins. Erindi Bolungarvíkurkaupstaðar yrði tekið fyrir að nýju þegar framangreindar upplýsingar lægju fyrir.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að endurskoðaðri áætlun um úthlutun 2015

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 24. október 2014 tillögu að áætlun um heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga árið 2015, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010. Samkvæmt áætluninni var lagt til að úthlutað væri samtals 5.825 m.kr. af þeim 6.000 m.kr. sem til ráðstöfunar væru til greiðslu framlaganna.

Á fundinum nú var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðaðri áætlun um úthlutun framlaganna á árinu 2015. Samkvæmt áætluninni nema framlög á grundvelli A-hluta 13. gr. 5.300 m.kr. og 575 m.kr. samkvæmt B-hluta reglugerðarinnar eða samtals 5.875 m.kr.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við endurskoðaðan útreikning A-hluta framlaganna vegna ársins 2015:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2015.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2015.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2015.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. desember 2011 og 1. janúar 2013, 2014 og 2015 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2014 vegna tekjuskerðingar.

Heildarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B - hluta 13. gr. reglugerðarinnar nema 750 m.kr. á árinu 2015. Til úthlutunar hafa komið 575 m.kr. eins og áður greinir en 175 m. kr. koma til úthlutunar í lok ársins 2015 á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum sbr. b - lið 3. gr. vinnureglna frá 11. desember 2012 vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2015 umfram tekjur.

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B - hluta er eftirfarandi: Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í október 2014.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð áætlun að úthlutun framlaganna næmi 6.050,0 m.kr. og var því um 50,0 m.kr. hækkun á úthlutun framlaganna að ræða vegna aukinna ráðstöfunartekna sjóðsins.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2015

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun á árinu 2015 vegna yfirfærslu á rekstri grunnskólans. Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að heildartekjur af 0,77% hlutdeild sjóðsins í útsvarstekjum sveitarfélaga vegna yfirfærslu grunnskólans nema 8.740 m.kr. Í gjaldahlið áætlunarinnar kemur fram að áætluð heildarframlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda nemi um 1.967,0 m.kr., framlög vegna nýbúafræðslu um 231,0 m.kr., framlög vegna Barnaverndarstofu og Skólabúða að Reykjum samtals 45,0 m.kr., önnur framlög samtals um 46,0 m.kr., bundið framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga um 148,0 m.kr., óviss útgjöld um 40,0 m.kr. og áætluð almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla um 6.263,0 m.kr. eða um 71% af heildinni. Áætluð gjöld verkefnisins nema samtals 8.740,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun ársins 2015 vegna yfirfærslu grunnskólans væri samþykkt.

ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA Tillaga að endurskoðaðri áætlun vegna ársins 2015

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 24. október 2014 tillögu að áætlun um heildarúthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2015 á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla.

Samkvæmt áætluninni lagði ráðgjafarnefndin til að úthlutað væri 6.197,0 m.kr. í almenn jöfnunarframlög á árinu að viðbættum leiðréttingum að fjárhæð um 66,0 m.kr. vegna ársins 2013. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því um 6.263,0 m.kr. á árinu 2015.

Á fundinum var lögð fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endurskoðaðri áætlun um úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2015. Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna.

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2014.
- Upplýsingar um skólargerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við 1. janúar 2015.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra frá 9. desember 2014 um endanlegan útsvarsstofn sveitarfélaga vegna tekna ársins 2013 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2014.

FRAMLÖG VEGNA SÉRSTAKRAR ÍSLENSKUKENNSLU NÝRRRA ÍSLENDINGA

Tillaga að endurskoðaðri áætlun um úthlutun 2015

Á fundi ráðgjafarnefndar 24. október sl. samþykkti nefndin tillögu að áætlaðri úthlutun framlaga vegna nýbúafraeðslu á árinu 2015 á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002 samtals að að fjárhæð 218,0 m.kr.

Sveitarfélögin fengu frest til 1. febrúar sl. til að koma athugasemdum og leiðréttingum á framfæri við verkefnisstjóra í nýbúafraeðslu vegna afgreiðslu framlaganna. Að teknu tilliti til athugasemda sem borist hafa frá verkefnisstjóranum og síðbúinna umsókna sveitarfélaga nemur endurskoðuð tillaga að úthlutun framlaganna um 231,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaga vegna nýbúafraeðslu á árinu 2015 næmi samtals um 231,0 m.kr.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS BEIÐNI UM FUND

Byggðasamslag um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum

Lagt var fram til kynningar erindi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest), dags. 20. janúar 2015, þar sem gerð er grein fyrir lækun endanlegra almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2014 að teknu tilliti til áætlunar um framlög ársins 2014 og áhrif sömu lækkunar á áætlun framlög ársins 2015 sem birt var haustið 2014.

Í erindinu óskar BsVest eftir fundi með ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem farið yrði yfir efni erindisins. Er þess jafnframt óskað að á fundinn verði boðaðir bæjar- og sveitarstjórnir sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að formaður ráðgjafarnefndar og starfsmenn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga muni funda með fulltrúum Byggðasamlagsins um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum vegna framangreinds erindis.

ÖNNUR MÁL

Ákveðið var að næsti fundur ráðgjafarnefndar verði mánudaginn 11. maí kl. 12:00. Aðalefni fundarins verður yfirlit á málefnum fatlaðs fólks.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:30.

Halldór V. Kristjánsson